

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Garðabæjar 1985–2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, frá 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 26. september 1990 staðfest uppdrátt er sýnir breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Garðabæjar, 12. maí 1987.

Breytingin tekur til landnotkunar á hluta óbyggðs svæðis merktu F-3 í Urriðavatnsdölum sem verður nú opið svæði frátekið fyrir golfvöll merkt ÍP-5.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 28. september 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga á Akureyri.

1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun og heitir: Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga á Akureyri.

Stofnendur eru Landssamtök hjartasjúklinga, Hjarta- og æðaverndarfélag Akureyrar og nágrennis og Samband ísl. berkla- og brjóstholssjúklinga (SÍBS).

2. gr.

Stofnfé eru eftirtalin framlög stofnenda, og skal það haldast óskert.	Kr.
Landssamtök hjartasjúklinga	122 000,00
Hjarta- og æðaverndarfélag Akureyrar og nágrennis	122 000,00
Samband ísl. berkla- og brjóstholssjúklinga	122 000,00

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna stofnunarinnar aðrar en stofnfé skv. framangreindu.

3. gr.

Heimili og varnarþing er á Akureyri.

4. gr.

Markmið og hlutverk stofnunarinnar er að veita hjarta- og lungnasjúklingum eftirfarandi þjónustu:

- Endurhæfingu í beinu framhaldi af dvöl á sjúkrahúsi og/eða Vinnuheimilinu á Reykjalundi skv. tilvísun lækna.
- Almenna framhaldsendurhæfingu, þar sem fyrrverandi sjúklingum gefst kostur á viðhaldsþjálfun skv. æfingakerfum í samræmi við getu þeirra.
- Ráðgjafar- og upplýsingaþjónusta um hjarta- og lungnasjúkdóma svo og lifnaðarhætti, mataræði, réttindi sjúklinga og fl.